



Alþingi
Erindi nr. P 127/1767
komudagur 9. 4. 2002

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. apríl 2002
SP/hó

Efni: Landgræðsluáætlun (555. mál), frumvarp til laga um landgræðslu (584. mál) og afréttarmálefni, fjallskil o.fl. (593. mál)
Tilv:02030023


Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 18. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreind þrjú þingmál.

Hvað fyrsta málið varðar, barst Bændasamtökum Íslands bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis dags. 29. maí 2001, þar sem leitað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2002-2013, og var því erindi svarað með bréfi dags. 25. júní. Áætlunin sem nú liggur fyrir, 2003-2014, er efnislega óbreytt, og fylgir því umsögnin frá í fyrra hér með.

Frumvarp til laga um landgræðslu var lagt fyrir búnaðarþing að tilhlutan landbúnaðarráðherra. Þingnefnd skilaði ályktun, sem vísað var til stjórnar Bændasamtaka Íslands, en stjórnin samþykkti síðan að senda sem umsögn um frumvarpið, og fylgir hún hér með. Auk þess hefur Már Pétursson hrl. yfirfarið frumvarpið fyrir hönd samtakanna og fylgir álitsgerð hans hér með.

Frumvarpið til breytinga á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. (593. mál) felur fyrst og fremst í sér, að niður verði felld öll ákvæði er varða ítölugerð, jafnt í heimalönd sem afrétti. Bændasamtökin lýsa sterkum efasemdum við þessa breytingu, þar eð ekki verður séð, að landgræðslu frumvarpið bjóði upp á úrræði, sem ætíð geti komið í staðinn. Það þarf "breiðari" umfjöllun um málið, áður en lögformleg leið til að takmarka beitarrétt einstakra bænda/bújarða er numin úr gildi.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson